

Ed.

268. Frumvarp til laga

um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita stýrimannsskírteini og vélstjóraskírteini.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Samgöngumálaráðherra skal heimilt að veita sjómælingamanni Páli Ragnarssyni undanþágu frá að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenskum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipsstjóraskírteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt öðrum ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum. Skulu próf hans við skóla í Danmörku jafngilda íslenskum prófum.

Einnig heimilast samgöngumálaráðherra að veita vélstjóra Jóhanni Rist undanþágu frá að ganga undir vélstjórapróf, annað en rafmagnspróf við vélskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 71 23. júní 1936, og láta honum í té vélstjóraskírteini, þegar hann fullnægir öðrum tilskildum skilyrðum. Ljúki hann rafmagnsprófi við vélskólann í Reykjavík, öðlast hann þau réttindi, sem það próf veitir. Skal próf hans við skóla í Danmörku jafngilda íslensku vélstjóraprófi að undanskildu rafmagnsprófi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.